

Ráðstöfun mjólkur og innflutningur

ÞRÓUN SÖLU MJÓLKURVARA Á LIÐNUM ÁRUM

Heildarsala mjólkurvara frá aðildarfélögum SAM, mælt í kílóum og lítrum, minnkaði frá árinu 2016 til 2017 um 0,2% eða um 116 tonn. Sölusamdráttur var sölu í vöruflokkum skyr og rjóma. Á móti jókst sala á viðbiti, dufti og ostarum. Aukningin skiptist þannig milli vöruflokka: Viðbit 89 tonn, duft 74 tonn og ostar 56 tonn. Samdráttur var í sölu í skyrflokkum um 231 tonn eftir 511 tonna aukningu árið áður. Sala á rjóma og sýrðum rjóma minnkaði um 76 tonn og sala á mjólk og sýrðum vörum minnkaði um 27 tonn.


Í vöruflokknum mjólk og sýrðar vörur varð lítilsháttar aukning á sölu Nýmjólkur fimmta árið í röð en sala á Léttmjólk, Undanrennu og Fjörmjólk dróst saman á milli ára. Í vöruflokknum er einnig skráð sala á mjólk til vinnslu í fyrirtækjum sem vinna mjólkurvörur, en eru ótengd Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Sala mjólkur til vinnslu hjá þessum fyrirtækjum var um 4.600 tonn árið 2017 og jókst um 70% milli ára.

Tafla 4. Sala mjólkurvara í lítrum og kg á liðnum árum.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg					Breyting til 2017	
	2000	2010	2015	2016	2017	frá 2010	frá 2016
Mjólk og sýrðar vörur	46.846.306	46.019.573	42.206.167	42.045.782	42.018.641	-8,7%	-0,1%
Rjómi og sýrður rjómi	2.040.739	2.333.831	2.866.260	2.918.340	2.841.975	21,8%	-2,6%
Skýr og skýrdrykkir	1.875.837	3.023.405	3.049.030	3.559.930	3.328.351	10,1%	-6,5%
Viðbit	1.518.387	1.857.719	2.203.777	2.296.278	2.385.176	28,4%	3,9%
Ostar	3.937.832	5.245.193	6.062.678	6.254.812	6.310.604	20,3%	0,9%
Duft	627.966	702.761	835.206	1.111.550	1.185.625	68,7%	6,7%
<i>SAMTALS ALLS</i>	<i>56.847.067</i>	<i>59.182.482</i>	<i>57.223.118</i>	<i>58.186.692</i>	<i>58.070.372</i>	<i>-1,9%</i>	<i>-0,2%</i>


SALA UMREIKNUÐ Í LÍTRA MJÓLKUR MIÐAÐ VIÐ FITU OG PRÓTEIN

Umreiknað á fitu var sala á ferskvörum 37,4% af heildarsölu mjólkurvara árið 2017 og lækkar um 1,2 prósentustig frá árinu 2016. Heildarhlutur birgðavarananna viðbits, osts og dufts í umreiknaðri sölu miðað við fitu árið 2017 var 62,6%. Breyting milli ára er einkum vegna aukinnar sölu á dufti.



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við fitu árið 2017.

Hlutur ferskvara umreiknað á próteingrunn var 44,5% og lækkaði um 1,3 prósentustig af heildinni milli ára. Hlutur birgðavaranna var 55,5% árið 2017 í umreiknaðri sölu miðað við prótein.



Mynd 4. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við prótein árið 2017

HEILDARSALA UMREIKNUÐ Á FITU OG PRÓTEIN

Yfirlit sölu mjólkurafurða reiknað á fitu- og próteingrunn frá árinu 1994 til 2017 er birt í töflu 5 hér á eftir.

Tafla 5. Sala almanaksáranna 1994 til 2017 umreiknuð í lítra mjólk miðað við fitu og prótein.

Ár	Sala umreiknuð í lítra mjólkur		Mismunur a) - b)
	a) m.v. fitu	b) m.v. prótein	
1994	100.371.827	100.676.081	-304.254
1995	99.672.749	100.589.877	-917.128
1996	99.235.580	101.502.943	-2.267.363
1997	98.132.786	102.679.047	-4.546.261
1998	99.653.460	102.949.213	-3.295.753
1999	98.859.848	103.535.918	-4.676.070
2000	97.973.767	105.980.738	-8.006.971
2001	98.225.242	107.972.717	-9.747.475
2002	96.754.124	106.209.452	-9.455.328
2003	96.755.539	107.391.804	-10.636.265
2004	98.649.788	109.538.183	-10.888.395
2005	100.768.328	112.315.513	-11.547.185
2006	103.870.701	113.207.615	-9.336.914
2007	108.695.040	114.880.974	-6.185.088
2008	112.296.910	117.119.187	-4.822.277
2009	115.578.564	117.667.979	-2.089.415
2010	110.657.216	114.696.290	-4.039.074
2011	111.489.161	113.692.483	-2.203.322
2012	114.143.061	115.455.991	-1.312.930
2013	120.802.939	117.625.945	3.176.994
2014	128.967.850	121.183.320	7.784.530
2015	132.832.674	122.629.610	10.203.064
2016	139.204.556	129.032.673	10.171.883
2017	145.113.569	132.051.453	13.062.116
Breyting frá 2016	4,24%	2,34%	28,41%

Sala árið 2017 umreiknuð á fitu var 145,1 milljónir lítra, aukning milli ára eru 5,9 milljónir lítra. Sala umreiknuð á prótein árið 2017 var 132 milljón lítrar og aukning milli ára var 3 milljónir lítra. Heildarsala mjólkurafurða, hvort sem mælt er á fitu- eða próteingrunni, hefur ekki mælst meiri frá því að SAM hóf að reikna sölu mjólkurafurða á fitu- og próteingrunni árið 1993. Sala á fitugrunni árið 2017 var 13,1 milljónum lítra meiri en sala á próteingrunni, en árið 2016 munaði 10,2 milljónum lítra.

Síðustu tíu ár hefur sala á fitugrunni aukist að jafnaði um 3,0% á ári en sala á próteingrunni hefur á sama tíma aukist að jafnaði um 1,4% á ári. Á sama tíma hefur ójafnvægi í sölu á fitu- og próteingrunni breyst um 19,2 milljónir lítra; frá því að sala á fitugrunni var 6,1 millj. lítra lægri en sala á próteingrunni í að sala á fitugrunni er 13,1 millj. lítrum hærri en á próteingrunni. Til að tryggja nægt framboð af öllum vörum á fitugrunni þurfa aðildarfélög SAM þess vegna að kaupa 13,1 millj. lítrum meira af mjólk á hverju ári heldur en þörf væri fyrir vegna innlendar eftirspurnar eftir vörum mælt á próteingrunni eingöngu.

Mismun á sölu á fitu- og próteingrunni er ekki hægt að mæta með öðrum leiðum en útflutningi á afurðum úr þeim efnabætti sem minna selst af innanlands. Verð sem eru í boði á útflutningsmörkuðum eru of lág til að geta skilað því hráefnisverði sem aðildarfélög SAM greiða bændum landsins samkvæmt ákvörðunum Verðlagsnefndar búvöru. Til að tryggja nægjanlegt framboð af innlendum mjólkurafurðum og lögbundið lágmarksverð fyrir mjólk þurfa aðildarfélög SAM að bera kostnað við útflutning vegna mismunar á eftirspurn á fitu- og próteinhluta, en þann kostnað þurfa önnur fyrirtæki sem framleiða mjólkurafurðir á Íslandi ekki að bera.

SALA DRYKKJARMJÓLKUR

Heildarsala á drykkjarmjólk (nýmjólk, léttmjólk, undanrennu og fjörmjólk) var 25,1 milljónir lítra árið 2017 og minnkaði um 2,6 milljón lítra frá árinu 2016. Sala á drykkjarmjólk hefur minnkað um 6,6 milljónir lítra frá árinu 2010, eða um 21% alls.

Tafla 6. Þróun sölu drykkjarmjólkur 1995 til 2015.

Vörutegundir	1995	2010	2015	2016	2017	Breyting frá 2010	Breyting frá 2016
Drykkjarmjólk, lítrar	39.742.732	31.734.388	27.798.955	26.724.743	25.154.608	-21%	-9,5%
SAMTALS m.v. fitu	27.309.015	18.782.886	17.534.363	17.250.248	16.835.063	-10%	-4,0%
SAMTALS m.v. prótein	41.334.135	32.850.555	29.126.738	27.962.174	26.591.893	-19%	-8,7%

INNFLUTNINGUR

Innflutningur mjólkurvara jókst um 446 tonn frá 2016 til 2017. Aukning í innflutningi nam 184 tonnum af osti (56%) og 239 tonnum af jógúrt og öðrum ferskum vörum jókst um 239 tonn (úr 53 tonnum), en innflutningur á dufti jókst um 19 tonn (úr 4 tonnum).

Innflutningur osta hefur aukist síðustu árin og er innflutningurinn nú orðinn um 7,5% af heildarsölu osta á Íslandi. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði reikna árlega áætlun um hvað mikla mjólk hefur þurft til framleiðslu á innfluttum mjólkurvörum. Á próteingrunni reiknaðist innflutningur árið 2017 rúmar 5,5 milljónir lítra en um 3,6 milljónir lítra á fitugrunni. Innflutningur á próteingrunni jókst um 71% en á fitugrunni um 54%.

Tafla 7. Innflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2016, tonn.

Vöruflokkur	1995	2000	2015	2016	2017	Breyting frá 2000	Breyting frá 2016
Ferskvörur	10	394	55	53	293	-26 %	449 %
Smjör	0	0	0	1	4	100 %	530 %
Ostur	42	162	265	325	509	214 %	56 %
Duft	0	0	5	4	24	100 %	440 %
SAMTALS	52	556	325	384	829	49 %	116 %

Heimild: Útflutningsskýrslur Hagstofu Íslands og útreikningar SAM.

Árið 2017 voru flutt inn 157 tonn af jurtaþeytu í rjómalíki, minnkun milli ára er 2,5%. Einnig voru flutt inn 131 tonn af gerviosti og minnkun milli ára er 3%. Að síðustu voru einnig flutt inn 914 tonn af hvítu kornseyði, samdráttur milli ára 17% (191 tonn). Flestar eru þessar vörur seldar á Íslandi undir fölskum hillumerkingum sem misnota jákvæða ímynd mjólkur og mjólkurafurða í hugum neytenda.

ÚTFLUTNINGUR

Útflutningur minnkaði um 1.214 tonn milli ára. Útflutningur á skyri og skyrdrykk minnkaði um 220 tonn, útflutningur á undanrennudufti um 1.050 tonn og útflutningur á Smjöri um 379 tonn. Útflutningur á ostum jókst um 435 tonn.

Tafla 8. Útflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2017, tonn.


Vöruflokkur	1995	2000	2015	2016	2017	Breyting frá 2000	Breyting frá 2016
Ferskvörur	0	14	994	1.757	1.537	100 %	-12,5 %
Viðbit	89	236	0	472	93	-61 %	-80,3 %
Ostur	0	0	2	159	594	100 %	273,6 %
Duft	0	106	495	1.380	330	100 %	-76,1 %
SAMTALS	89	356	1.491	3.768	2.554	2.770 %	-32,2 %

BIRGÐIR VIÐBITS, OSTA OG DUFTS

Birgðir mjólkurvara í landinu jukust lítilega árið 2017, eða um 130 tonn. Ostabirgðir jukust um 45 tonn og voru 1.815 tonn í árslok. Duftbirgðir jukust um 48 tonn og voru 585 tonn í árslok. Birgðir af viðbiti voru 355 í árslok 2016 og jukust í 391 tonn í árslok 2017.

Birgðir mjólkurvara hjá aðildarfélögum SAM í landinu miðast að jafnaði við að mögulegt sé að tryggja nægt framboð af öllum mjólkurafurðum allt árið, óháð sveiflum í framleiðslu og eftirspurn. Sala á viðbiti er að jafnaði 200 tonn á mánuði og birgðir nema því tæplega tveggja mánaða sölu. Sala á dufti er um 100 tonn á mánuði og birgðir nema því tæplega 6 mánaða sölu. Stærstur hluti birgða af dufti er Undanrennuduft sem selja þarf erlendis vegna meiri eftirspurnar eftir fituríkum mjólkurvörum innanlands. Markaðsaðstæður erlendis eru nú með versta móti því í lok árs 2017 átti Evrópusambandið 378.051 tonn af undanrennudufti í birgðum, sem keypt voru til að styðja mjólkuriðnað í Evrópu árið 2016 (Til að framleiða duftið þurfti um 4.600.000 tonn af mjólk, en það tæki Íslendinga um 30 ár að framleiða þá mjólk miðað við framleiðslu síðustu tveggja ára.)

Við mat á birgðum osta er mikilvægt er að hafa í huga að ostur er „lifandi vara“ og hluti af framleiðsluferli algengustu tegunda osta (fastir ostar) er geymsla þeirra við ákveðin hitastig í að lágmarki tvo mánuði áður en þeir eru tilbúnir til neyslu. Að jafnaði eru framleidd um 500 tonn á mánuði af þeim ostum sem hafa þetta framleiðsluferli. Af 1.815 tonnum af ostum í birgðum eru þess vegna um 1.000 tonn ostur sem enn er í vinnsluferli.



Mynd 5. Þróun birgðastaðu á viðbiti, ostum og dufti á árunum 2000 til 2016.

BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ FITU

Hækkun birgða árið 2017 var 8,8% miðað við fitu, eða um 1,8 milljónir lítra. Útflutningur nam um 3,4 milljónum lítra á fitugrunni og minnkaði um 8,1 milljónir lítra frá fyrra ári.

Tafla 9. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 2000 til 2017 umreiknað í lítra af mjólk miðað við fitu.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. fitu					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
2000	16.299.806	104.024.730	97.973.767	5.055.905	15.803.496	1.491.368
2001	16.028.978	106.149.593	98.225.242	12.183.156	12.354.160	-583.987
2002	12.313.930	110.761.076	96.754.124	13.111.278	13.899.793	-690.189
2003	13.899.793	108.384.120	96.755.539	14.098.246	11.010.804	419.324
2004	11.024.924	112.029.504	98.649.788	9.745.922	15.131.342	-472.624
2005	15.131.342	109.445.194	100.768.328	13.255.110	11.394.989	-841.891
2006	11.394.989	117.062.454	103.870.701	11.642.829	12.855.569	88.343
2007	12.855.569	124.816.835	108.696.926	14.378.779	15.761.108	-1.163.409
2008	15.761.108	126.051.629	112.296.910	17.807.831	12.529.694	-821.698
2009	12.529.694	125.569.461	115.578.564	12.717.748	13.231.296	-3.428.453
2010	12.766.209	123.178.275	110.657.216	11.111.916	14.255.427	-80.075
2011	14.255.427	124.462.110	111.489.161	11.879.927	15.317.232	31.217
2012	15.317.232	125.092.988	114.143.061	13.547.255	11.636.267	1.083.637
2013	11.636.267	122.913.961	120.802.939	2.048.961	8.390.204	3.308.124
2014	8.560.088	133.513.735	128.967.850	762.410	11.112.828	1.230.735
2015	11.112.828	146.034.433	132.832.674	144.353	22.970.399	1.199.834
2016	22.970.399	150.322.481	139.204.556	11.535.614	20.861.432	1.691.278
2017	21.254.260	151.116.865	145.113.569	3.400.734	22.696.395	1.160.427
Breyting frá 2016	-7,5 %	0,5 %	4,2 %	-70,5 %	8,8 %	-31,4 %

BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ PRÓTEIN

Birgðir umreiknaðar í lítra mjólkur miðað við prótein hækkuðu um 2 milljónir lítra árið 2017 eða um 7,3%. Útflutningur nam um 17 milljónum lítra á próteingrunni og minnkaði um 7,1 milljónir lítra milli ára.

Tafla 10. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 2000 til 2017 umreiknað í lítra af mjólk miðað við prótein.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. prótein					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
2000	19.443.434	104.024.730	105.980.738	1.659.352	16.823.012	-994.938
2001	16.516.890	106.149.593	107.972.717	851.856	14.503.100	-661.190
2002	14.290.404	110.761.076	106.209.452	900.156	19.083.316	-1.141.444
2003	19.083.316	108.384.120	107.391.804	2.435.346	18.400.040	-759.754
2004	18.199.134	112.029.504	109.538.183	2.989.756	17.881.102	-180.403
2005	17.903.737	109.445.194	112.315.513	1.620.802	12.864.203	548.413
2006	12.864.203	117.062.454	113.207.614	1.064.256	15.500.993	153.794
2007	15.500.993	124.816.835	114.880.974	3.888.984	22.036.295	-488.424
2008	22.036.295	126.051.629	117.119.187	11.752.216	19.119.369	97.152
2009	19.119.369	125.569.461	117.667.979	7.798.665	19.817.498	-595.312
2010	19.793.402	123.178.275	114.696.290	8.635.410	20.656.645	-1.016.668
2011	20.656.645	124.462.110	113.692.483	10.665.406	21.794.533	-1.033.667
2012	21.794.533	125.092.988	114.455.991	13.504.866	17.366.590	560.074
2013	17.366.590	122.913.961	117.625.945	5.758.562	13.137.335	3.758.709
2014	13.361.308	133.513.735	121.183.320	4.807.970	20.878.743	5.010
2015	20.878.743	146.034.433	122.629.610	9.459.853	33.982.442	841.272
2016	33.982.442	150.322.481	129.032.673	24.077.984	27.359.049	3.835.217
2017	20.008.431	151.116.865	132.051.453	17.002.229	29.366.248	705.366
Breyting frá 2016	-17,6 %	0,5 %	2,3 %	-29,4 %	7,3 %	-81,6 %